REGLUR

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 93/1996 um náttúruvernd verður Náttúruverndarþing haldið dagana 31. janúar og 1. febrúar 1997 að Hótel Loftleiðum, Reykjavík. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

A. Með fullum réttindum:

1. Náttúruverndarráð.
2. Fulltrúi frá hverju setri Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Fulltrúi frá hverri náttúrustofu.
4. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
5. Einn fulltrúi fyrir hvern eftirfarandi hagsmunaaðila, félagasamtaka og stofnana: (sjá viðauka 1).

B. Með málfrelsi og tillögurétt:

1. Einn fulltrúi fyrir hvert ráðuneyti.
2. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
3. Forstjóri Náttúruverndar ríkisins, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, þjóðgarðsverðir.

3. gr.

Náttúruverndarráð undirbýr Náttúruverndarþing og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið sér forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á náttúruverndarþingi er launuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar sex þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fimm að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs og skipulagsstjóra ríkisins og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrjá þeirra kýs Náttúruverndarþing. Varamenn eru skipaðir og kosnir með sama hætti.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 93/1996 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. desember 1996.

Náttúruverndarráð,

Arnþór Garðarsson.

Kristján Geirsson.

VIÐAUKI I

Hagsmunaaðilar, félagasamtök og stofnanir með sæti á Náttúruverndarþingi 1997

Alþýðusamband Íslands
Arkitektafélag Íslands
Bandalag íslenskra farfugla
Bandalag íslenskra skáta
Bændasamtök Íslands
CAFF skrifstofan á Íslandi
Ferðafélag Íslands
Ferðafélagið Útivist
Ferðaklúbburinn 4x4
Ferðamálaráð
Ferðaþjónusta bænda
Félag áhugafólks um hálendi Austurlands
Félag eigenda sumardvalarsvæða
Félag íslenskra landslagsarkitekta
Félag íslenskra náttúrufræðinga
Félag landfræðinga
Félag leiðsögumanna
Fjallið (hagsmunafélag jarð- og landfræðinema)
Flugmálastjórn
Framtíðarstofnun
Fuglaverndarfélag Íslands
Geislavarnir ríkisins
Hellarannsóknarfélag Íslands
Hafrannsóknarstofnunin
Haxi (hagsmunafélag líffræðinema)
Háskóli Íslands
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Hollustuvernd ríkisins
Jarðfræðafélag Íslands
Jöklarannsóknafélag Íslands
Kennaraháskóli Íslands
Kvenfélagasamband Íslands
Landgræðsla ríkisins
Landlæknisembættið
Landmælingar Íslands
Landssamband hestamannafélaga
Landssamband íslenskra vélsleðamanna
Landssamband stangveiðifélaga
Landssamband veiðifélaga
Landssamtökin Líf og land
Landsvirkjun
Landvarðafélag Íslands
Landvernd
Líffræðifélag Íslands
Líffræðistofnun Háskólans
Náttúruvernd ríkisins
Náttúruverndarfélag Suðvesturlands
Náttúruverndarsamtök Austurlands
Náttúruverndarsamtök Suðurlands
Náttúruverndarsamtök Vesturlands
Orkustofnun
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn
Rafmagnsveitur ríkisins
Rannsóknarráð Íslands
Rannsóknastofnun landbúnaðarins
Raunvísindastofnun Háskólans
Samband dýraverndarfélaga Íslands
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samlíf (Samtök líffræðikennara)
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi
Samtök um umhverfismál og náttúruvernd
Siðfræðistofnun Háskólans
Siglingastofnun Íslands
Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd
Skipulag ríkisins
Skotveiðifélag Íslands
Skógrækt ríkisins
Skógræktarfélag Íslands
Surtseyjarfélagið
Ungmennafélag Íslands
Vegagerðin
Veiðimálastofnun
Veiðistjóraembættið
Veðurstofan
Verkfræðingafélag Íslands
Verkfræðistofnun Háskólans
Vestfirsk náttúruverndarsamtök
Vinnueftirlit ríkisins
Vinnuveitendasamband Íslands
Vísindafélag Íslendinga
Yfirdýralæknisembættið
Þjóðminjasafn
Æðarræktarfélag Íslands
Æskulýðssamband Íslands